

116 *Brjef landshöfðingja til biskups um ferming og altarisgöngu sem hjúskapar-
11. okt. skilyrði fyrir utanþjóðkirkjumenn.* — Í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m., hafð þjer herra biskup, tjáð mjer, að þjóðkirkjupresturinn í Hólmaprestakalli hafi, með ákvæðið tilfelli fyrir augum, gjört fyrirspurn til yðar um þau tvö atriði:

1. Hvort telja beri þá fermingu af hendi utanþjóðkirkjuprestsins, sem fram hafi farið eptir að hann var leystur frá embætti í þjóðkirkjunni og áður en hann fjekk konunglega staðfestingu, fullnægjandi til þess, að persónur, er þannig sjeu fermdar, geti orðið gefnar í hjónaband af þjóðkirkjuprestinum.
2. Hvort heimta skuli, þegar annaðhvort brúðhjónanna er úr utanþjóðkirkju-söfnuðinum, að það þá sanni, að það hafi verið til altaris, sbr. tilsk. 30. apríl 1824 3. gr. stafl. 2.,

og hafð þjer beiðst úrlausnar minnar um fyrirspurnaratriði þessi.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusaml. tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að samkvæmt 11. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886 jafngildir 14 ára aldur barna þeirra, sem ekki heyra til þjóðkirkjunni, fermingu, að því er til borgaralegra rjettinda kemur, og heyrir þar til hjónabandsstofnun. Annar liður þriðju greinar í tilsk. 30. apríl 1824 nær þannig ekki til utanþjóðkirkjumarina að því leyti, og getur ekki verið til fyrirstöðu hjónavígslu af hendi þjóðkirkjuprestsins, án tillits til gildis embættisverka utanþjóðkirkjuprestsins á ofanefndu tímabili; en aptur á móti er ákvæði nefnds greinarliðs um, að hjónaefni skuli hafa verið til altaris, ósnert af lögunum 19. febr. 1886, og gildir eins um utanþjóðkirkjumenn.

117 *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veiting einkaleyfis.* —
18. okt. Með brjefi þessu tilkynnir ráðgjafinn landshöfðingja, til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, að Axel Sabroe frá Haderslev hafi hinn 11. okt. fengið útvíkkað einkaleyfi, er hann hinn 28. ágúst þ. á. hafði fengið til 7 ára til að búa til vjel nokkra til að festa kaðla og stagi, þannig, að það nái einnig til Íslands.

118 *Brjef landshöfðingja til stiptyffirvaldanna um lántöku handa prestakalli til
1. nóv. kirkjubyggingar.* (Ágrip). Með brjefi þessu var prestinum að Bergsstöðum í Húnavatnsprófastsdæmi leyft að veðbinda tekjur prestakallsins fyrir láni, að upphæð 300 kr., í viðbót við eldra lán, til þess að fullgjöra kirkjuna á Bergsstöðum, að svo miklu leyti sem kirkjutekjurnar hrökkva eigi til að standast afborganir og vaxtagreiðslu, og að öðru leyti með þeim kjörum, að næstu 6 ár þurfi að eins að greiða vexti af láninu, en þar á eptir endurborgist það á 5 árum með 60 kr. á ári.